

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/27**2017/EES/17/06****frá 13. janúar 2016****um breytingu á III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda
smitandi heilahrönnunar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrönnunarsjúkdómar] í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílikum, um útflutning þeirra.
- 2) Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 og kafla B í III. viðauka við þá reglugerð leggja aðildarríkin upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina á hverju ári, sem varða vöktun á smitandi svampheilakvilla á yfirráðasvæðum þeirra, og framkvæmdastjórnin leggur samantekt yfir þessar upplýsingar fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður.
- 3) Í kjölfar samkomulags milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu flyst samantekt og birting árlegrar yfirlitsskýrslu Sambandsins um vöktun og prófanir á jörturdýrum til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla frá framkvæmdastjórninni til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Því ætti að breyta kafla B í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að endurspeglar þetta nýja fyrirkomulag.
- 4) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er lagt bann við að fódra tiltekin alidýr á unnum dýrapróttinum, einkum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.
- 5) Samkvæmt ii. lið b-liðar í II. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er auk þess heimilt að nota fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl til að fódra alidýr, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. lagareldisdýr.
- 6) Í 3. lið A-þáttar í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að unnið dýrapróttin í lausu úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóðurlöndur í lausu, sem innihalda slík próttin, skuli flutt með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á fódri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum. Þar eð leyfilegt er að nota fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl í fóður fyrir öll alidýr, sem ekki eru jörturdýr, ætti þetta ákvæði hvorki að gilda um fiskimjöl né um fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl. Því ætti að breyta 3. lið A-þáttar í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að útiloka fiskimjöl.
- 7) Í E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að einungis megi heimila útflutning á unnum dýrapróttinum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og afurðum, sem innihalda slík próttin, ef þau eru ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð samkvæmt þeirri reglugerð og ef skriflegt samkomulag er gert, áður en útflutningur á sér stað, milli lögbærs yfirvalds útflutningsaðildarríkisins eða framkvæmdastjórnarinnar og lögbærs yfirvalds þriðja lands, sem er innflutningsland, sem inniheldur skuldbindingu þriðja lands, sem er innflutningsland, um að taka tillit til fyrirhugaðrar notkunar og að endurútflytja ekki unna dýrapróttini eða afurðirnar, sem innihalda slíkt próttin, til notkunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 8) Þessari kröfu var upphaflega ætlað að hamlar útbreiðslu kúariða þegar kúariða geisaði í Sambandinu og þegar meginland Evrópu var sá heimshluti sem varð fyrir mestum áhrifum af farsóttinni. Ástandið í Sambandinu, að því er varðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 9, 14.1.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

kúariðu, hefur þó batnað umtalsvert síðan þá. Á árinu 2013 var tilkynnt um 7 tilvik kúariðu í Sambandinu og á árinu 2014 voru 11 tilvik tilkynnt í samanburði við 2166 tilkynnt tilvik á árinu 2001 og 2124 tilkynnt tilvik á árinu 2002. Þessi framför í Sambandinu að því er varðar kúariðuástandið endurspeglar í þeirri staðreynd að nú eru 20 aðildarríki Sambandsins viðurkennd sem ríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽¹⁾, eins og henni var breytt.

- 9) Því ætti að fella brott kröfuna, sem mælt er fyrir um í E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, þar sem kveðið er á um þá skyldu að gera skriflegt samkomulag við þriðja land, sem er viðtökuland, sem forsendu fyrir útflutningi á unnu dýrapróttíni, sem er ekki úr jörturdýrum, og afurðum sem innihalda slík próttín, og bannið við notkun þessara afurða til að fódra alidýr í þriðju löndum, að undanskildum lagareldisdýrum.
- 10) Í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um skilyrði fyrir framleiðslu og notkun á unnu dýrapróttíni, sem er ekki úr jörturdýrum, sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra og fóðurblanda, sem inniheldur slík próttín, sem krefst algers aðskilnaðar milli efnis úr jörturdýrum og efnis sem er ekki úr jörturdýrum á öllum stigum í framleiðsluferlinu og reglulegrar sýnatöku og greiningar til að staðfesta að víxlmengun sé ekki fyrir hendi. Einnig ætti að gera kröfu um þessi skilyrði fyrir unnið dýrapróttín, sem er ekki úr jörturdýrum, og fóðurblanda sem inniheldur slíkt próttín, sem ætluð eru til útflutnings til að tryggja að útflutt unnin dýrapróttín og fóðurblanda sem inniheldur slík próttín séu af sama öryggisstigi og þau sem notuð eru á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 11) Þar eð gæludýrafóður og fiskimjöl eru framleidd í vinnslustöðvum, sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr lagardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, og framleiðslu á gæludýrafóðri ætti krafan um að útflutningur sé einungis leyfður frá stöðvum, þar sem kröfurnar í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru uppfylltar, ekki að gilda um gæludýrafóður eða um fiskimjöl.
- 12) Því ætti að breyta E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað kafla B í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„KAFLI B

UPPLÝSINGA- OG SKRÁNINGARSKYLDA

I. KRÖFUR TIL AÐILDARRÍKJA

A. Upplýsingar sem aðildarríki skulu veita í ársskýrslu sinni eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr.

1. Fjöldi meintra tilvika fyrir hverja dýrategund sem flutningar hafa verið takmarkaðir á í samræmi við 1. mgr. 12. gr.
2. Fjöldi meintra tilvika sem rannsaka ber á rannsóknarstofu í samræmi við 2. mgr. 12. gr., fyrir hverja dýrategund, þ.m.t. niðurstöður úr flýtiprófunum og staðfestingarprófunum (fjöldi jákvæðra og neikvæðra niðurstaðna) og, fyrir nautgripi, aldursdreifing allra prófaðra dýra. Aldursdreifinguna skal flokka á eftirfarandi hátt: „yngri en 24 mánaða“: dreifing yfir 12 mánuði á aldursbilinu 24 til 155 mánaða, og „eldri en 155 mánaða“.
3. Fjöldi hjarða þar sem meint tilvik í sauðfé og geitum hafa verið tilkynnt og rannsökuð skv.1. og 2. mgr. 12 gr.
4. Fjöldi nautgripa, sem eru prófaðir úr hverju undirþýði, eins og um getur í liðum 2.1, 2.2 og 3.1 og í 5. lið I. hluta í kafla A. Leggja skal fram aðferð við val á sýnum, niðurstöður úr flýti- og staðfestingarprófunum og aldursdreifingu prófuðu dýranna í flokkun eins og sett er fram í 2. lið.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjrtð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

5. Fjöldi sauðfjár og geita og hjarða, sem er prófaður úr hverju undirþýði eins og um getur í 2., 3., 5. og 6. lið II. hluta í kafla A, ásamt aðferðum við úrtaksval og niðurstöðum úr flýti- og staðfestingarprófununum.
6. Landfræðileg dreifing, þ.m.t. upprunaland, er það ekki það sama og skýrslugjafarlandið, þar sem jákvæð tilvik kúariðu og riðuveiki komu upp. Tilgreina skal fæðingarár og, ef unnt er, fæðingarmánuð, fyrir hvert tilvik smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Tilgreina skal tilvik smitandi svampheilakvilla sem talin hafa verið afbrigðileg. Í riðuveikilvikum skal tilkynna um niðurstöður úr frumprófun og annars stigs prófun sameinda, sem um getur í c-lið í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka, eftir því sem við á.
7. Fjöldi sýna og staðfest tilvik smitandi svampheilakvilla í hverri dýrategund, að frátöldum nautgripum, sauðfé og geitum.
8. Arfgerðin og, ef unnt er, búfjárkyn alls sauðfjár sem annaðhvort var jákvætt fyrir smitandi svampheilakvilla og sýni voru tekin úr í samræmi við lið 8.1 í II. hluta kafla A eða í samræmi við lið 8.2. í II. hluta kafla A.

B. Skýrslutímabil

Framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu er heimilt að láta ársskýrsluna, sem krafist er skv. 4. mgr. 6. gr., samanstanda af samantekt á skýrslum sem innihalda upplýsingarnar sem um getur í A-þætti og eru sendar mánaðarlega til framkvæmdastjórnarinnar (sem skal senda þær til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu) eða, að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í 8. lið, ársfjórðungslega, á rafrænu formi sem aðildarríkin hafa gert samkomulag um, að því tilskildu að upplýsingarnar séu uppfærðar þegar viðbótarupplýsingar berast.

II. UPPLÝSINGAR SEM LEGGJA SKAL FRAM Í YFIRLITSSKÝRSLU SAMBANDSINS

Samantekt Sambandsins skal sett fram í töfluformi og með a.m.k. þeim upplýsingum sem um getur í I. hluta A fyrir hvert aðildarríki.

Frá og með 1. janúar 2016 skal Matvælaöryggisstofnun Evrópu greina upplýsingarnar, sem um getur í I. hluta, og birta yfirlitsskýrslu í lok nóvember um leitni og upptök smitandi svampheilakvilla í Sambandinu.

III. SKRÁR

1. Lögbært yfirvald skal halda skrár um upplýsingarnar, sem um getur í I. hluta A, í 7 ár.
2. Rannsóknarstofan, sem annast rannsóknirnar, skal geyma allar skrár um prófanir í sjö ár, einkum dagbækur rannsóknarstofunnar og, eftir atvikum, paraffínblokkir og ljósmyndir af vesturþrykkjum (e. *Western blot*).“

2. gr.

Í stað 3. liðar í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

- „3. Unnið dýrapróttín í lausu, annað en fiskimjöl, úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og fôðurlöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýrapróttín, skulu flutt með ökutækjum og í flátum sem ekki eru notuð til flutninga á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.“

3. gr.

Í stað E-þáttar í V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„E-ÞÁTTUR

Útflutningur á unnu dýrapróttíni og afurðum sem innihalda slík próttín

1. Útflutningur á unnu dýrapróttíni úr jörturdýrum og afurðum sem innihalda slík próttín skal bannaður.

Þrátt fyrir þetta skal bannað ekki gilda um unnið gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr jörturdýrum og sem hefur verið framleitt í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

2. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýrapróteini úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eða fóðurlöndu, sem inniheldur slíkt prótein, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal koma frá vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem koma úr sláturhúsum og stykkjunarstöðvum sem um getur í a-lið D-þáttar í IV. kafla eða koma úr leyfðum vinnslustöðvum sem eru skráðar í skrárnar, sem eru aðgengilegar öllum, sem um getur í d-lið A-þáttar í V. kafla,
 - b) fóðurlöndu sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal koma frá leyfðum starfsstöðvum sem eru skráðar í skrárnar sem eru aðgengilegar öllum, sem um getur í e-lið A-þáttar V. kafla, og skal pökkuð og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.
3. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. lið, skulu ekki gilda um:
 - a) gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og sem hefur verið framleitt í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,
 - b) fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur ekki annað unnið dýraprótein en fiskimjöl.“

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
